


Um helgina



Þetta verk Balthusar sýnir skattgreiddanda, og hangir uppi að Kjarvalsstöðum. Ljós.: — gel.

Balthasar á Kjarvalsstöðum

I dag opnar Balthasar málverkasýningu á Kjarvalsstöðum og stendur hún til 16. mars n.k. Þetta er níunda einkasýning Balthusar hér á landi. Síðast hélt hann hér sýningu á málverkum sínum fyrir þremur árum, en í fyrra sýndi hann grafíkverk í Norræna húsinu. Má því með sanni segja að listamaðurinn láti skammt stórra högga í milli.

A þessari sýningu Balthusar eru um 44 verk. Eru þau öll unnin á síðustu 14 mánuðum, olíumynd-

ir, málaðar með „blandaðri tækni“ og allar á striga. Flestar eru myndirnar til sölu.

Balthasar sagði sér falla það vel að skipta þannig um vinnubrögð, að mála annan sprettinn en fast við grafíkmyndagerð hina stundina. Í því væri hvíld. Myndirnar á þessari sýningu bæru e.t.v. nokkurn keim af grafíklist því í þeim sumum væri þema, sem oft væri notað í grafík. — mhg

Jónas Sen einleikari með Sinfóníunni

MANUDAGINN 3. mars heldur Den Fynske Trio tónleika í Nor-



Jónas Sen; tónleikarnir eru liður í einleikaraprófi hans frá Tónlistarskólanum.

ræna húsinu. Tríóð skipa klarinettleikarinn Jens Schou, sellóleikarinn Svend Winslöv og píanóleikarinn Rosalind Bevan, og halda þau tvenna tónleika hér- lendis, hina fyrri í Norræna húsinu 3. mars kl. 20:30, hina síðari í Tónlistarskóla Kópavogs kl. 20:30 fimmtudaginn 5. mars.

Den Fynske Trio var stofnað 1973 og það gerðu þrjú ungir tónlistarmenn, sem voru kennarar við Tónlistarháskólann í Odense og hljóðfæraleikarar í sínfóníuhljómsveitinni í Odense. Tríóð hefur leikið víða í Danmörku og utan, á listahátíðum, í útvarpi og sjónvarpi og inn á margar hljómplötur. Það varð skjótt þekkt fyrir afburða leik, og mörg núlifandi tónskáld hafa samið verk fyrir það. Má þar m.a. nefna Atla Heimi Sveinsson en á tónleikunum í Kópavogi verður frumflutt tríó eftir hann.

Í Norræna húsinu leikur Den Fynske Trio verk eftir Beethoven, Hartmann, Holmboe og Schumann, og í Kópavogi verða auk verks Atla Heimis flutt verk eftir Brahms, Debussy og Gade

Sýningar

FÍM-salurinn, Laugarnesvegi 112.: Málverk eftir Guðberg Auðunsson. Opíð kl. 14-22.

Listasafn Íslands: Ný grafíkverk í eigu safnsins (anddyri). Opíð kl. 13.30-16.00 laugardag og sunnudag.

Bogasalur, Þjóðminjasafni: Forvarsla textila. Opíð kl. 13.30-16.00 laugardag og sunnudag.

Djúpið Hafnarstræti: Karl Júlíusson sýnir „kassaverk“ (box art). Opíð kl. 11-23.30. Gengið inn um veitingastofuna Hornið.

Norræna húsið: Málverk og teikningar eftir Hring Jóhannesson. Opíð kl. 14-22. Anddyri: Batik eftir Hrefnu Magnúsdóttur.

Kvikmynd í MÍR-salnum

Gamanmyndin Astarævintýri á skrifstofunni verður sýnd í MÍR-salnum, Laugavegi 178, kl. 15 í dag. Þetta er sovésk mynd, gerð 1977, og sýnd með ensku tali.

Leikstjóri er Eldar Rjasanof, og með aðalhlutverk fara Alisa Freindlík og Andrei Mjagkof. Aðgangur að sýningunni er ókeypis og öllum heimill.

Kaffisala í Breiðholts-skóla

Kvenfélag Breiðholts mun hafa kaffisölu í anddyri Breiðholts-skóla að aflokinni messu Breiðholtsafnaðar þar í skólanum á morgun. Allan afrakstur kaffisöluunnar ætla konurnar að gefa í byggingarsjóð Breiðholtskirkju.

Byggingarframkvæmdir eru þegar hafnar við kirkjuna, búið er að steypa sökkla og unnið er að því að fylla í grunninn. Að því búnu verður kjallariinn steypur upp. Þessar framkvæmdir eru að sjálfsögðu fjárfrekar, en framlög berast stöðugt í byggingarsjóð, bæði smá og stór. Allt er það þakksamlega þegið, en eindreginn stuðningur Kvenfélags Breiðholts um árabíl er þó sérstaklega þakkarverður.


Safnaðarfólk í Breiðholtssöfnuði og aðrir íbúar í Breiðholti eru hvattir til að koma í Breiðholts-skóla á sunnudaginn og fá sér kaffisöpa og stuðla þá jafnframt að því að Breiðholtskirkja risi og rætast megi úr húsnæðisþrengingum safnaðarins, sem nú háir starfsemi hans svo mjög.

Jón Bjarnan settur sóknarprestur í Breiðholtsprestakalli

Kjarvalsstaðir: Málverk á vesturganginum

Pétur Behrens opnar málverkasýningu á vesturgangi Kjarvalsstaða í dag og verður hún opin til 16. mars.

Pétur Behrens er þýskur að uppruna en fluttist til Íslands 1962 og gerðist síðar íslenskur ríkisborgari. Hann stundaði nám við Hochschule für Bildende Kunst og Meisterschule für Graphik í Berlin. Pétur vann lengi við auglýsingateiknun eftir að hann kom til landsins. Seinna rak hann um árabíl tamningastöð í Keldnaholti



„X-náttúra“ heitir þessi mynd sem er á sölusýningunni í Suðurgötu 7. Ljós.: — gel.

Sölusýning í Suðurgötu 7

Galleri Suðurgötu 7 hefur verið boðið að taka þátt í risastórri myndlistarsýningu í New York, ARTEXPD 1980 í byrjun mars. Til þess að hægt yrði að ráðast í slíkt stórvirki sem þátttaka í slíkri sýningu er hefur gallerið verið með margs konar fjáröflunarleiðir. Lokaátakið í fjáröflun Gallerisins er sölusýning þar sem fólk gefst kostur á að kaupa ódýr myndverk eftir aðstandendur gallerisins. Sölusýning þessi verður aðeins opin þessa helgi frá 2-10 bæði laugardag og sunnudag. Einnig verður þar hægt að fá keyptan katalog frá sýningunni Íceland sem haldin var í Flórens á Ítalíu og lauk nú fyrir skömmu. Þetta eru síðustu forvöð að fá bók þessa, því allt upplagið verður sent utan til kynningar á íslenski

myndlist. Þá liggur einnig frammi tímarit gallerisins Svart á Hvítu, en nú hafa komið út 5 tölublöð af því og tvö eru væntanleg í næsta mánuði. Einnig verða til sölu veggspjöld og póstkort sem gallerið hefur gefið út.

Sýningin í New York er alþjóðleg sýning sem haldin er í New York Colosseum og sýna þar rúmlega 200 galleri verk þúsunda listamanna. Meðal annars verða á þessari sýningu verk eftir „gömlu meistarana“ Picasso, Dali o.fl. Þeir sem taka þátt í sýningunni fyrir hönd Gallerisins eru: Bjarni H. Þórarinnsson, Friðrik Þór Friðriksson, Margrét Jónsdóttir og Steingrímur Eyfjörð Kristmundsson og eiga þau öll myndverk á fyrirhugaðri sölusýningu.


Meistari Jakob

Í Leikbrúðulandi við Fríkirkjuveg standa nú yfir sýningar á þremur leikþáttum um Meistara Jakob og konu hans Rósamundu.

Sýnt verður á morgun, sunnudag, kl. 15, og vissara að panta miða fyrirfram í síma 15937, eftir kl. 13.



Nornin og bakarinn í leikritinu Meistari Jakob og afmælistertan.



Pétur Behrens með eina af myndum sínum.

Ljós.: — gel.

í Flóa ásamt konu sinni, Ragnheiði Sigurgrímsdóttur frá Holti.

Pétur Behrens hefur kennt við Myndlista- og Handiðaskóla Íslands og Myndlistaskólann í Reykjavík. Hann leggur nú stund á frjálsa myndlist. Viðfangefnin á þessari sýningu er öll sött í umhverfið í Flóanum, þorpin við ströndina og hestamennsku og auk þess eru hér allmörg portret.

A sýningunni eru um 45 verk, teikningar, grafík, vatnslita- og olíumyndir. Myndirnar eru mál- aðar á s.l. tveim árum og eru flestar til sölu.

Pétur Behrens sýndi í fyrsta sinn myndir sínar á Selfossi og er þetta því önnur einkasýning hans á Íslandi.

Pétur Behrens er viðkunnugur hestamaður. Þessi sýning ber þess vott, að honum er fleira til lista lagt.

Vert er að vekja athygli á því, að ekki hafa slíkar sýningar áður verið settar upp á göngum Kjarvalsstaða, en ekki fengum við betur séð en að málverkin hans Péturs nytu sín vel þarna á vesturganginum.

— mhg.